



Haustfundur Vestmannaeyjar 1.-2. okt. 2008

Haustfundur Kvasis haldinn í Vestmannaeyjum dagana 1. og 2. október 2008.

Óli Halldórsson formaður Kvasis setti fund 1. okt. kl. 13.15. Formaður bauð alla velkomna og bað fundargesti um að kynna sig. Að því loknu fór hann yfir dagskrá fundarins og gerði breytingar á auglýstri dagskrá, en undir fyrsta lið var Grettir Sigurjónsson með umfjöllun um Menntabréna. Aðrir liðir færðust því aftar í dagskrá sem því nam. Mætt voru: Óli Halldórsson (Þekkingarsetur Þingeyinga), Valgerður Guðjónsdóttir (Viska í Vestmannaeyjum), Erla Björg Guðmundsdóttir (Símei- Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar), Ásmundur Sverrir Pálsson (Fræðslunet Suðurlands), Kristín Sigurrós Einarsdóttir (Fræðslumiðstöð Vestfjarða), María Ragnarsdóttir (Fræðslumiðstöð Vestfjarða), Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir (Farskólinn á Norðurlandi Vestra), Ásdís S. Hermannsdóttir (Farskólinn á Norðurlandi Vestra), Jóhann Ingólfsson (Farskólinn á Norðurlandi Vestra), Smári Haraldsson (Fræðslumiðstöð Vestfjarða), Margrét Hjálmarsdóttir (Viska í Vestmannaeyjum), Ester Garðarsdóttir (Viska í Vestmannaeyjum), Geir Gunnlaugsson (Háskóli Íslands – kennslumiðstöð), Grettir Sigurjónsson (Háskóli Íslands), Ragnhildur Jónsdóttir (Þekkingarnet Austurlands), Þórunn Egilsdóttir (Þekkingarnet Austurlands), Birna V. Jakobsdóttir (Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum), Guðjónína Sæmundsdóttir (Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum), Anna Lóa Ólafsdóttir (Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum), Sólrún Bergþórsdóttir (Viska í Vestmannaeyjum), Helena Eydís Ingólfssdóttir (Þekkingarsetur Þingeyinga), Erla Dögg Ásgeirsdóttir (Þekkingarsetur Þingeyinga), Jóhanna Sólrún Norðfjörð (Símei – Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar), Guðrún Ósk Brynjarsdóttir (Þekkingarsetur Þingeyinga), Selma Kristjánsdóttir (Þekkingarsetur Þingeyinga), Svava Svavarsdóttir (Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi), Gunnar K. Gunnarsson (Viska í Vestmannaeyjum), Inga Dóra Halldórsdóttir (Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi) og Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir (Fræðslunet Suðurlands) rituðu fundargerð.

1. Menntabréna

Grettir kynnti ýmiss atriði varðandi menntabréna, en m.a. þarf að huga að uppfærslu á brúnni og horfa til þeirrar þjónustu sem fræðslumiðstöðvarnar vilja bjóða upp á í framtíðinni. Uppfærslan mun kosta á bilinu 20-30 milljónir, en þetta þarf að skoða með góðum fyrirvara. Spurningum var velt upp eins og hvort notkun á fjárfundabúnaði muni aukast í framtíðinni og ef þróunin yrði sú hvaða samstarfsaðila viljum við að komi að menntabrénni og hversu miklir fjármunir koma til með að fara í rekstur menntabréningarinnar. Það var lagt til að stjórn Menntabréningarinnar kæmi með tillögur til umfjöllunar á vorkundi Kvasis 2009 um hlutverk menntabréningarinnar og framtíðarsýn. Tillagan var samþykkt samhljóða.

2. EHI-samningur við Kvasi

Lögð var fram tillaga að samningi Kvasis við EHI – Endurmenntun Háskóla Íslands. Rætt var um kynningar á námsframboði frá EHI og að upplýsingar um það þyrftu að koma fyrir þannig að stöðvarnar geti auglýst í námsvísnum og heimasíðum. Tillagan var samþykkt samhljóða og stjórn Kvasis falið að ganga frá samningi.

3. Fjölmennt - samstarf

Fulltrúar úr stjórn Kvasis funduðu nýlega með aðila frá Fjölmennt þar sem fram kom að innan Fjölmenntar eru miklar breytingar að ganga í gegn. Það er verið að skoða hvort fræðslumiðstöðvarnar komi til með að annast námskeið fyrir Fjölmennt. Á Norðurlandi-vestra er vinna í gangi sem snýr að því að gera á samning sem felur í sér að Farskólinn annist símenntun fyrir fatlaða. Reynslan þaðan sýnir að það form hentar mjög vel. Þarfagreining þarf að fara fram á hverjum stað ef af verður. Lagt var til að Smári Haraldsson forstöðumaður Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða yrði fulltrúi fræðslumiðstöðvanna í áframhaldandi viðræðum við Fjölmennt. Tillagan var samþykkt samhljóða.

4. Íslenskustyrkir menntamálaráðuneytisins - dreifbýli



Undir þessum lið var m.a. rætt að kostnaður vegna íslenskunámskeiða er breytilegur vegna mismunandi aðstæðna á landsbyggðinni, en það gætir misræmis við úthlutun styrkja að hálfu menntamálaráðuneytisins. Lagt var til að samin yrði ályktun um málið og var það samþykkt samhljóða.

5. Fjárframlög til fræðslumiðstöðvanna

Formaður Kvasis kynnti það sem rætt var á fundi með aðilum í menntamálaráðuneytinu. Það kom m.a. fram að í erindi til Fjárlaganefndar yrði áherslan svipuð og á árinu 2007. Það kom einnig fram að menntamálaráðuneytið lítur ekki þannig á að þau fjárframlög sem fræðslumiðstöðvarnar fengu síðast séu sjálfgefin áfram. Formaður kallaði eftir hugmyndum um hvað fræðslumiðstöðvarnar telja sig þurfa í grunnstarfseminna annars vegar og í rekstur vegna fjarnáms hins vegar. Stjórn Kvasis var falið að koma með tillögu sem byggir á tillögu stjórnar Kvasis frá því á árinu 2007, ásamt þeirri verðlagsþróun sem orðið hefur.

6. Námskrár FA

Töluverð umræða hefur verið um Landnemaskólann á meðal aðila Kvasis og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Landnemaskólinn samanstendur af nokkrum námsþáttum, en í heildina er námið 120 kennslustunda langt. Útlendingastofnun metur aðeins íslenskupáttinn sem er 58 kennslustundir en fundarmenn voru sammála um að allt nám í Landnemaskólanum ætti að meta þar sem öll kennsla fer fram á íslensku og allir námsþættir skarast verulega. Lagt var til að semja ályktun um málið og var það samþykkt samhljóða. Undir þessum lið var einnig rætt að leggja skyldi áherslu á að námsefni fylgdi í kjölfar námskráa. Rætt var um aðgengi að efni og sameiginlegan gagnagrunn fyrir fræðslumiðstöðvarnar og Mími. Tillaga var lögð fram um að stofna vinnuhóp varðandi námsefni og í honum væri fulltrúar frá Kvasi, Mími og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Samþykkt var samhljóða á fundinum að fulltrúar Kvasis yrðu Anna Lóa Ólafsdóttir frá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og Ragnhildur Jónsdóttir frá Þekkingarneti Austurlands. Undir þessum lið var líka lagt til að ályktað yrði um undirbúningsnám vegna brúarleiða í framhaldsskólum. Það var samþykkt samhljóða.

7. Námskrár Kvasis

Formaður sagði frá námskrárvinnu sem fór af stað árið 2007. Námskrá fyrir ensku er tilbúin og námskrá fyrir stærðfræði er nær tilbúin. Auk þess var búið að samþykkja að gera fleiri námskrár s.s. tölvunámskrá. Formaður vildi fá viðbrögð við því hvort menn ætli að nýta sér þessar námskrár eða ekki. Fundarmenn voru sammála um að nota þessar námskrár. Tillaga var lögð fram þess efnis að aðilar fræðslumiðstöðvanna myndu funda sérstaklega til að skipuleggja næstu önn meðal annars m.t.t. námskráanna. Tillagan var samþykkt samhljóða.

8. Launagreiðslur við námskeiðskennslu

Formaður ræddi um greiðslur til kennara og hvort ástæða væri til að miðstöðvarnar samstilltu sig varðandi launagreiðslur. Í ljós kom að töluverðu munaði á lægsta og hæsta taxa. Töluverðar umræður sköpuðust um kennslu- og námskeiðskostnað.

Kl. 16:00 frestaði formaður fundi til næsta dags.

Formaður bauð fundargesti velkomna til áframhaldandi fundar og hófst fundurinn kl. 9:10 þann 2. okt. Breytingar voru gerðar á auglýstri dagskrá og var liðurinn „Önnur mál“ settur fram fyrir liðinn „Raunfærnimat“.

9. Önnur mál

Lagðar voru fram eftirfarandi ályktanir og voru þær allar samþykktar samhljóða:

Haustfundur Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni, haldinn í Vestmannaeyjum 1. og 2. október 2008, lýsir ánægju sinni með styrki ríkisvaldsins til íslenskukennslu fyrir útlendinga. Jafnframt beinir fundurinn því til menntamálaráðuneytisins að við úthlutun styrkja sé tekið tillit til aðstæðna í dreifbýli. Þá er átt við námskeið á fámennum stöðum og afskekktum þar sem óhjákvæmilegt er að námskeið hljóta að vera dýrari en ella. Einnig telur fundurinn að taka þurfi tillit til



Óviðráðanlegs brottfalls á námskeiðum s.s. vegna heimflutnings nemenda og fl. Það er að allur kostnaður vegna þess skuli lenda á símenntunarmiðstöðvum.

Haustfundur Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni, haldinn í Vestmannaeyjum 1. og 2. október 2008, beinir því til dómsmálaráðuneytisins að taka til skoðunar mat á íslenskukennslu innan námskrár Landnemaskólans sem gefin er út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og viðurkennd af Menntamálaráðuneytinu. Samkvæmt 50. grein reglugerðar um útlendinga 53/2003 varðandi mat á námi í íslensku, alls 150 kennslustundir, hefur fjöldi skilgreindra kennslustunda í íslensku innan námskráar Landnemaskólans einungis verið metin, alls 58 kennslustundir. Öll kennsla í Landnemaskólanum fer fram á íslensku þar sem mismunandi þættir innan námskráar eru teknir fyrir. Raunin er að allir námsþættir innan námsskráarinnar skarast og íslenskukennsla er að auki samþætt öðrum greinum og því erfitt að skilgreina mat á íslenskubættinum einum og sér. Fundurinn telur æskilegt að 120 kennslustunda nám í Landnemaskólanum verði metið að jöfnu við 120 kennslustunda nám í íslensku samkvæmt 50. grein reglugerðar um útlendinga 53/2003.

Haustfundur Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni, haldinn í Vestmannaeyjum 1. og 2. október 2008, beinir þeim tilmælum til menntamálaráðuneytisins og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins að námskrár til undirbúnings brúarnámi á starfstengdum brautum framhaldsskóla verði samræmdar svo sem kostur er þannig að unnt verði að samkenna sem mest af undirbúningsnáminu. Þetta er m.a. nauðsynlegt til að unnt sé að kenna undirbúningsnámið á fámennum stöðum.

A) Frumvarp um fullorðinsfræðslu

Formaður greindi frá vinnu í tengslum við gerð frumvarps að lögum um fullorðinsfræðslu. Í menntamálaráðuneytinu er verið að vinna að frumvarpinu og hefur m.a. verið leitað eftir álitum Leiknar – samtaka fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi. Formaður lagði fyrir fundarmenn hvort leita ætti eftir því að Kvasir kæmi að þessari vinnu með beinum hætti. Fundarmenn voru sáttir við þann farveg sem málið er í.

B) Óskir um þjónustu fræðslumiðstöðvanna

Rætt var um aðila sem hafa haft samband við Kvasir og óskað eftir þjónustu fræðslumiðstöðvanna. Lagt var til að fela stjórn Kvasis að hafa samband við þá aðila og koma málinu í farveg.

C) Markviss

Þjálfun fyrir verðandi Markviss leiðbeinendur verður á Akureyri 26. og 27. janúar 2009.

D) Mótvægisaðgerðir

Nokkur umræða var um mótvægisaðgerðirnar, m.a. farið yfir stöðuna á verkefnum og hvernig samstarfi er háttað við hagsmunaaðila.

Á fundinn komu tveir gestafyrirlesarar. Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og fjallaði um raunfærnimat og Hildur Elín Vignir frá Iðu-fræðslusetri en hún greindi frá reynslu Iðunnar á framkvæmd raunfærnimats.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 12:20
